

Kynningarstarfsemi 2023 – uppgjör

Staðan 29.12.2023 er sú að búið er að nýta 2.041.657 kr. af þeim 2.109.000 kr. sem eru á áætlun 2023 fyrir *Kynningarstarfsemi* undir deild Ferðamálafulltrúa.

| | |
|---|------------------|
| Lénið visitdalir.is | 6.293 |
| Borðkort Vestfjarðahringurinn (augl.) | 59.520 |
| Íslenska vegahandbókin (augl.) | 91.760 |
| Á ferð um Ísland (augl.) | 209.560 |
| Uppfærsla á 5 söguskiltum | 68.200 |
| Ferðafélaginn (augl.) | 9.920 |
| Dalirnir heilla – RÚV (augl.) | 99.954 |
| Árgjald Samtök um sögutengda ferðaþjónustu | 30.000 |
| Icelandic times (augl.) | 148.800 |
| Prentun á skiltum | 301.025 |
| Dalirnir heilla – RÚV (augl.) | 113.028 |
| Árgjald Markaðsstofa Vesturlands | 45.000 |
| Kynning í Icelandic Times nr. 52 | 149.335 |
| Broadstone Network – ljósmyndir/vídeo | 358.034 |
| Samhristingur ferðapjóna | 52.500 |
| Styrkur til ferðapjóna v/ Mannamóts markaðsstofanna | 296.608 |
| Endurgreitt – aukaskráning hjá MV | -8.680 |
| ALLS | 2.041.657 |

Á árinu hafa verið ýmis verkefni í gangi, haldinn var samhristingur í vor að Dröngum þar sem þemað var umhverfis- og aðgengismál. Segja má að þar hafi aðgengismál verið rædd í víðum skilningi því ein af afurðum samhristingsins varð Miðnætur-golfmót á Skógarströnd til að mótmæla ástandi vegarins sem hefur áhrif á aðgengi bæði íbúa og gesta að svæðinu. Annar samhristingur var haldinn að hausti á Laugum og þar var árið gert upp ásamt því að tækifæri Dalanna voru rædd.

Kynningar á því sem Dalabyggð hefur upp á að bjóða birtust m.a. í tímaritunum *Best of Iceland*, *Ferðafélaganum*, *Icelandic Times* og *Á ferð um Ísland*. Þá var einnig tekin skorpa í útvarpsauglýsingum hjá RÚV undir þemanu *Dalirnir heilla*.

Skiltaverkefnið gekk með ágætum. Heildarkostnaður þess varð meiri (ca. 370þús) er gert var ráð fyrir (175þús), má þar m.a. líta til þess að nýtt skilti bættist við (voru 4 en verða 5) en á móti sótti verkefnastjóri um styrk til Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og fékk 150.000 kr. þaðan til verkefnisins.

Fyrir stærstu ferðahelgarnar hafa verið keyptar útvarpsauglýsingar sem spilaðar eru á RÚV þar sem við minnum á Dalabyggð undir slagorðinu „Dalirnir heilla“. M.a. Dalirnir heilla, árið um kring. Dalirnir heilla náttúruunnendur. Dalirnir heilla, fjölbreytt gisting – svo eitthvað sé nefnt.

Dalabyggð er samstarfsaðili Markaðsstofu Vesturlands og greiddi árgjald til þeirra. Annað árið í röð veitti Dalabyggð svo styrk til ferðapjóna í sveitarféluginu sem stefna á að taka þátt á Mannamótí markaðsstofanna í byrjun næsta árs. Skv. tölum frá MV eru 8 ferðapjónar af svæðinu skráðir á Mannamót 2024.

Nýtt verkefni sem tekið var inn í ár er verkefni í samstarfi við Broadstone network, eitt stærsta heildstæða kynningarverkefni sem við höfum farið í. Um er að ræða myndatökur, bæði ljósmyndir og upptökur af náttúruperlum, opnum svæðum og frá ferðapjónum í Dalabyggð ásamt uppsetningu á gagnvirku myndbandi sem nýtist Dalabyggð á ýmsan hátt. Hvort sem við erum að koma fram á ferðaráðstefnu eða opnum fundi mun efnið eiga erindi. Áherslur verða saga, menning og náttúrufegurð sem unnið verður með einstökum aðferðum, sett upp í snjall lausnum. Fyrirtækið hefur m.a. sinnt verkefnum fyrir Vasa safnið í Stokkhólmi, nýja Clarion Hotel The Hub og Michelin veitingastaðinn Kontrast í Oslo. Framhald verður á verkefninu á næsta ári þar sem tökur hefjast.

Samkvæmt ofangreindri samantekt mun fjárhagsáætlun kynningarstarfseminnar því standast.

Kynningarstarfsemi 2024 – áætlun

Í upphafssáætlun 2024 er gert ráð fyrir 2.224.000 kr. fyrir *Kynningarstarfsemi* undir deild Ferðamálafulltrúa.

| | |
|---|---------|
| Keypta auglýsingar/kynningar í ferðablöðum | 800.000 |
| Félags- og árgjöld | 85.000 |
| Borðkort og vegahandbók | 150.000 |
| Samhristingur ferðapjóna vor & haust | 100.000 |
| Aðkeypt þjónusta s.s. við gerð kynningarefnis | 100.000 |
| Hátíðarhöld – auglýsingar | 50.000 |
| Broadstone network – vídeo efni | 360.000 |
| RÚV – útvárpauglýsingar, sumar 2024 | 100.000 |
| Kynningarpakki Dalabyggðar – portfolio | 179.000 |
| Óráðstafað | 300.000 |

Keyptar auglýsingar/kynningar í ferðablöðum: Hérna er gert ráð fyrir að kaupa auglýsingar, umfjallanir og/eða kynningar í ferðablöðum, bæði á íslensku og ensku og einstaka sérblöðum innanlands sem m.a. snúa að markaðssetningu fyrir sumarið. Það gagnast vel að minna á okkur og hvað við höfum upp á að bjóða hér á landi og í Dalabyggð.

Félags- og árgjöld: Þarna geri ég ráð fyrir þeim félagsgjöldum sem við greiðum (m.a. Markaðsstofan og félag sögutengdrar ferðapjónustu) og árgjöldum vegna markaðsmála (s.s. vegna visitdalir.is).

Borðkort og vegahandbók: Hér er verið að tala um að kaupa auglýsingar fyrir visitdalir á borðkortum sem ná yfir Vesturland/Vestfirði og Dali. Þátttaka á borðkortum gagnast okkur m.a. í því að viðkomandi kort fara í dreifingu hér í Dalabyggð og hjá ferðapjónum sem geta þá nýtt þau til að benda á frekari/aðra þjónustu í héraðinu, leiðbeina ferðamönnum t.d. fyrir dagsferðir eða hvernig þeir komast á ákveðna staði, við höldum okkar *heiti* á lofti sem býr til tengsl í huga notenda við svæðið o.s.frv. Þá höldum við

Samhristingur ferðaþjóna vor og haust: Gert er ráð fyrir því að halda *Samhristing* í mars/apríl og aftur að hausti til í október/nóvember 2023. Eftir fyrsta samhristing sáum við að gera þarf meira úr svigrúmi ferðaþjóna til að hittast og ná að spjalla saman. Því verða færri heimsóknir/erindi á næstu hittingum en vissulega nýtum við tækifærið til að fá kynningar sem gagnast ferðaþjónum á svæðinu. Sem dæmi hefur verið óskað eftir að næsti hristingur verði með vottana/sjálfbærni/umhverfis/náttúruverndar-þema.

Aðkeypt þjónusta: Hérna er gert ráð fyrir fjármagni ef þörf er á aðkeyptri þjónustu vegna gerðar kynningarefnis s.s. hönnun, prentun, uppstillingu, upptöku o.s.frv.

Hátíðarhöld: Fjármagn til að kaupa auglýsingar vegna hátíðarhalda s.s. Heim í Búðardal og Jörvagleði ár hvert.

Broadstone Network: Broadstone network verkefnið er eitt stærsta heildstæða kynningarverkefnið sem við höfum farið í. Um er að ræða myndatökur, bæði ljósmyndir og upptökur af náttúruperlum, opnum svæðum og frá ferðaþjónum í Dalabyggð ásamt uppsetningu á gagnvirku myndbandi sem nýtist Dalabyggð á ýmsan hátt. Hvort sem við erum að koma fram á ferðaráðstefnu eða opnum fundi mun efnið eiga erindi. Áherslur verða saga, menning og náttúrufegurð sem unnið verður með einstökum aðferðum, sett upp í snjall lausnum. Fyrirtækið hefur m.a. sinnt verkefnum fyrir Vasa safnið í Stokkhólmi, nýja Clarion Hotel The Hub og Michelin veitingastaðinn Kontrast í Oslo. Á árinu 2024 verður efnið tekið upp og unnið svo afurðirnar, myndir, myndbönd, gagnvirktyg myndband og annað kynningarefnir skila sér upp úr miðju sumri. Myndbrot og myndir sem lokið hefur verið við að framleiða, má nota án takmarkana til að selja og kynna sveitarfélagið og áfangastaðinn. Þriðja aðila s.s. ferðaskrifstofur og aðrir sem vinna fyrir Dalabyggð mega nota myndbrot og myndir sem hafa verið framleiddar fyrir sveitarfélagið.

RÚV útvarpsauglýsingar: Fyrir stærstu ferðahelgarnar hafa verið keyptar útvarpsauglýsingar sem spilaðar eru á RÚV þar sem við minnum á Dalabyggð undir slagorðinu „Dalirnir heilla“. M.a. Dalirnir heilla, árið um kring. Dalirnir heilla náttúruunnendur. Dalirnir heilla, fjölbreytt gisting. Dalirnir heilla, hjóreiðarmanninn – svo eitthvað sé nefnt. Minnir á okkur sem áfangastað Íslendingarsins, þjónustu og afþreyingu sem í boði er.

Kynningarpakki Dalabyggðar: Í framhaldi af Broadstone network verkefninu og byggðaáætlunarverkefni „Dalabyggð í sókn“ verður hafist handa við gerð kynningarpakka, einskonar portfolio fyrir sveitarfélagið. Þar verði greinargóð kynning á Dalabyggð, kostum þess og tækifærum. Efnið verði hægt að nýta hvort sem fulltrúar sveitarfélagsins eru að hitta fjárfesta, þingmenn, fulltrúa annarra sveitarfélaga, forsvarsmenn fyrirtækja eða nýsköpunartækifæra o.s.frv.

Óráðstafað: Stundum koma inn verkefni sem við gerðum ekki endilega ráð fyrir. Þá er það metið hverju sinni hvort þátttaka í þeim gagnist Dalabyggð/ferðaþjónum á svæðinu. Eins geta komið inn tilboð eða pakkar á góðum kjörum varðandi auglýsingar. Samstarfsverkefni varðandi kynningarmál t.d. átaksverkefni varðandi þá mánuði/árstíma sem minna er um ferðamenn hafa komið til umræðu og eins geta komið inn tilfallandi verkefni vegna ákveðinna málaflokka innan ferðaþjónustunnar sem þarf að bregðast við. Hérna er gætt að því að eiga óráðstafað fjármagn sem hægt er að grípa til ef eitthvað kemur upp á líkt og rekið er hér á undan.